



Akraneskaupstaður

Seating concept á Íslandi ehf.
Blómalundi 13
300 Akranes

*Erindið sent með tölvupósti
á netfangið: una@skaginn.is*

Akranesi, 24. nóvember 2021
2111071 ABE

Grenndarkynning

Efni: Baugalundur 24 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs sem haldinn var 15. nóvember 2021 var fjallað um umsókn Runólfs Þ. Sigurðssonar byggingatæknifræðings f.h. lóðarhafa um óverulega deiliskipulagsbreytingu á Baugalundi 24. Breytingin fellst í að stækka byggingarreit um 1,4m í austur að opnu svæði, nýtingarhlutfall fer úr 0,35 í 0,40.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs: Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Grenndarkynnt verði fyrir fasteignaeigendum við Baugalund 11, 22, 26 og Blómalund 11 og 13.

43. gr. 2 mgr. Breyting á deiliskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan vikur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.

Með vísun í 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er þér hér með veittur fjögurra vikna frestur til þess að tjá þig um fyrirhugaða breytingu. Grenndarkynningin hefst til 26. nóvember til og með 25. desember 2021.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skipulags- og umhverfissviðs að Dalbraut 4, mánudaga-fimmtudaga frá kl. 09.00-15:00 og föstudaga frá 09.00-14.00, eða á netfangið skipulag@akranes.is

Ef þú hefur einhverjar athugasemdir við ofanskráð erindi skulu þær hafa borist skriflega í þjónustuver Akraneskaupstaðar eigi síðar en 25. desember 2021. Skipulags- og umhverfisráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynninga ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa skriflega með áritun á kynningargögn áður en 4 vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.



Akraneskaupstaður

Anna Berglind Einarisdóttir
Anna Berglind Einarisdóttir
fulltrúi

Undirritaður eigandi Blómalundi 13 gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á Baugalundi 24.

Akranesi _____

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala